

ERINDISBRÉF FYRIR SKÓLANEFND

I. kafli - Skipan nefndarinnar og hlutverk

1. gr.

Skólanefnd sbr. 12. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla m. s. b., og 9. gr. laga nr. 78/1994, um leikskóla, er skipuð af sveitarstjórn til fjögurra ára að afloknum bæjar- og sveitarstjórnakosningum. Nefndin fer með málefni grunn- og leikskóla sbr. fyrrnefnd lög sbr. einnig sveitarstjórnarlög og samþykktir og ákvarðanir sveitarstjórnar í málefnum skólanna.

2. gr.

Skólanefnd er skipuð fimm fulltrúum og jafn mörgum til vara. Auk kjörinna fulltrúa hefur sveitarstjóri rétt til að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Þá eiga að auki eftirtaldir aðilar seturétt á fundum skólanefndar og hafa þar einnig málfrelsi og tillögurétt:

a. grunnskólastjóri eða aðstoðarskólastjóri í forföllum skólastjóra.

b. fulltrúi kennara við grunnskólann.

c. fulltrúi foreldra grunnskólanemenda.

Skipan fulltrúa skv. a, b og c lið er í samræmi við ákvæði 13. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995, m. s. br.

d. leikskólastjóri, sem fulltrúi starfsmanna leikskólans.

e. fulltrúi foreldra leikskólabarna.

Ákvæði um fulltrúa starfsmanna og foreldra er að finna í 9. gr. laga um leikskóla, nr. 78/1994.

Oddviti sveitarstjórnar boðar nefndina saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nema lög eða sveitarstjórn ákveði annað. Ef formaður fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega getur sveitarstjórn ákveðið hvort varaformaður tekur við formennsku í nefndinni eða velur annan í það hlutverk.

3. gr.

Helstu verkefni skólanefndar eru eftirfarandi:

a. Að sjá til þess að öll börn í sveitarfélaginu á grunnskólaaldri njóti lögboðinnar fræðslu. Sömuleiðis að allir nemendur grunnskólans skólans búi við sem besta aðstöðu og jöfnust tækifæri til náms og að skólinn veiti sérhverjum nemanda fræðslu eftir aldri sínum og þroska í samræmi við gildandi námsskrá á hverjum tíma.

b. Að hafa yfirumsjón með því skólatengda starfi, sem hugsanlega fer fram í grunnskólanum samhliða eða utan hefðbundins skólatíma s. s. skólavistun.

c. Að fylgjast með starfsemi leikskólans og aðbúnaði barna í leikskólanum.

d. Að stuðla að samstarfi og tengslum milli grunnskólans og leikskólans

e. Að fylgjast með og stuðla að því að bæði grunn- og leikskóla sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu sbr. VIII. kafla laga um grunnskóla og VI. kafla laga um leikskóla.

Skólanefnd gefur sérstakan gaum að þörfum barna með fötlun og/eða atferlisfrávik og barna, sem búa við ótryggar félagslegar aðstæður.

f. Að sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og búnaður fyrir starfsemi skólanna. Ásamt skólastjórunum skal skólanefnd fylgjast með að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða á þessu sviði og móta tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur sé þeirra talin þörf.

g. Að veita sveitarstjórn umsögn um ráðstöfun á húsnæði grunnskólans til annarra nota en skólahalds sbr. 3. mgr. 22. gr. grunnskólalaganna.

h. Að vera sveitarstjórn til ráðuneytis um gerð samninga um rekstur skólamötuneytis og aðra verktakaþjónustu í þágu skólanna s. s. um skólaakstur og fylgjast með framkvæmd þeirra samninga.

i. Að gera tillögu að erindisbréfi fyrir skólastjórnendur.

j. Að annast önnur þau verkefni, sem sveitarstjórn felur henni og varða málefni skólanna.

4. gr.

Skólanefnd fylgist með ástandi þess búnaðar, sem skólunum tilheyrir. Hún gerir tillögu til sveitarstjórnar um viðhald hans og/eða endurnýjun og skulu slíkar tillögur ásamt kostnaðaráætlun liggja fyrir í okt. ár hvert eða fyrr ef sveitarstjórn ákveður svo. Sama gildir vilji nefndin koma á framfæri ábendingum um nýja rekstrar- eða þjónustupætti á hennar sviði.

5. gr.

Skólanefnd skal við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert fá til umsagnar tillögur sveitarstjórnar að fjárhagsáætlun skólanna. Hún skal koma rökstuddum athugasemdum við áætlunina á framfæri við sveitarstjórn innan þess frests, sem hún veitir. Skólanefnd fylgist reglubundið með rekstri og afkomu skólanna og skal a. m. k. fjórða hvern mánuð afla sér formlega upplýsinga um rekstrarstöðuna og leita skýringa á frávikum frá fjárhagsáætlun ef um þau er að ræða.

6. gr.

Auk þess sem að framan greinir skal skólanefnd sérstaklega hafa eftirfarandi markmið í huga í starfi sínu:

- að stuðla að faglegu og árangursríku skólastarfi með því að laða að skólunum hæfileikaríkt fólk með þau fag- og starfsréttindi, sem best henta skólastarfinu á hverjum tíma.
- að hafa, í samráði við skólastjórnendur, frumkvæði að gerð sýmenntunaráætlunar fyrir starfsmenn skólanna.
- að fylgjast með að starfshættir skólanna taki fullt tillit til breytilegra þarfa og getu nemendanna þannig að hver og einn þeirra fái notið hæfileika sinna og fái til þess velviljaðan stuðning þegar á þarf að halda.
- að aðstoða og hvetja skólastjórnendur til að beita lýðræðislegum stjórnarháttum, sem undirstrika ábyrgð og skyldur starfsmanna jafnt sem foreldra og nemenda.
- að stuðla að góðu samstarfi foreldra og skólanna.
- að komið verði á kerfisbundnu mati á skólastarfi.
- að skólarnir starfi á grundvelli manngildis- og mannræktarsjónarmiða.

II. kafli - Fundir nefndarinnar og starfshættir.

7. gr.

Fundir í skólanefnd skulu haldnir þegar efni liggur fyrir til umfjöllunar en þó ekki sjaldnar enn 4 sinnum á ári. Skylt er að boða fund ef meirihluti nefndarmanna æskir þess.

8. gr.

Formaður boðar fund og stýrir honum. Formaður skal ávallt hafa samráð við skólastjórana og sveitarstjóra um boðun fundar og kynna þeim efni hans. Fundur telst löglega boðaður ef til hans er boðað með minnst tveggja sólahringa fyrirvara. Fundir nefndarinnar skulu að öllu jöfnu boðaðir með skriflegri dagskrá og skal dagskránni fylgja afrit erinda eða annarra skriflegra gagna, sem tengjast dagskrárliðum fundarins. Fundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarmanna er mættur og ræður afl atkvæða afgreiðslu mála. Falli atkvæði að jöfnu telst mál fallið.

9. gr.

Fundi skólanefndar skulu skráðir í sérstaka fundargerðarbók eða tölvuskráðir. Við skráningu skal fylgja þeim meginreglum, sem gilda um skráningu fundargerða sveitarsjórnar, sbr. 32. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Eyjafjarðarsveitar. Fundargerðarbók og öll bréf, erindi, skýrslur og skjöl, sem snerta starf nefndarinnar, skulu varðveitt á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar. Þegar mál varðar einstakling skal skrá afgreiðslu þess í sérstaka trúnaðarmálabók, sem vera skal í vörslu nefndarinnar. Fulltrúar í sveitarstjórn ásamt sveitarstjóra hafa óheftan aðgang að öllum gögnum nefndarinnar nema lög ákveði annað.

10. gr.

Þagnarskylda er lögð á herðar þeim sem vegna starfa sinna í skólanefnd hafa fengið upplýsingar um mál, sem ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli þeirra eða lögum, hvort sem þau varða einkahagi fólks eða almannahagsmunum. Nefndarmenn skulu undirrita drengskaparheit um þagnarskyldu sína. Þagnarskylda helst áfram þótt nefndarmenn hætti störfum.

11. gr.

Nefndin skal fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert hafa skilað til sveitarstjórnar ársskýrslu um störf sín á nýliðnu ári. Sveitarstjórn getur sett nefndum sveitarfélagsins samræmdar reglur um efnistöð og niðurröðun efnis í ársskýrslu.

12. gr.

Skólanefnd leitast við að haga störfum sínum á hverjum tíma í samræmi við stefnu sveitarstjórnar í málaflokknum og þann fjárhagsramma, sem honum er settur. Nefndarmenn eru þó aldrei bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum, reglugerðum og samþykkt um stjórn og fundarsköp Eyjafjarðarsveitar í atkvæðagreiðslu á fundum nefndarinnar.

III. kafli - Nemendur grunnskólans og skólasókn

13. gr.

Skólanefnd ber að hafa skrá yfir alla skólaskylda nemendur í sveitarfélaginu. Öllum börnum og unglíngum á skólaskyldualdri er skylt að sækja grunnskóla fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, sbr. 7. og 56. gr. laga um grunnskóla. Verði verulegur misbrestur á skólasókn skólaskylds barns ber skólastjóra að gera skólanefnd viðvart. Skólanefnd skal leysa úr vandamálum, sem skólastjóri vísar til nefndarinnar og varða skólasókn einstakra barna á skólaskyldualdri. Skólanefnd getur vísað slíkum málum til menntamálaráðuneytis til úrskurðar finnist ekki viðunandi úrræði.

14. gr.

Þegar nemandi á skólaskyldualdri flytur á annað sveitarfélag skal þegar tilkynna það viðkomandi skólum og skólanefndum. Jafnframt ber ofangreindum aðilum að veita þeim skóla, sem tekur við nemandanum, sem bestar upplýsingar um nám hans og þroska og þær ástæður, sem til þess liggja að hann skipti um skóla. Farið skal með allar slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.

15. gr.

Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla í öllu því er skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisvenjum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin. Viðurlög skulu sett við brotum á skólareglum og þau kynnt nemendum og foreldrum/forráðamönnum þeirra sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 270/2000, um skólareglur í grunnskóla. Við beitingu viðurlaga skal gætt ákvæða í 8. og 10. gr. fyrirnefndrar reglugerðar. Við meðferð máls skv. 3. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar og beitingu viðurlaga samkvæmt þeirri málsgrein skal gætt ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1992. Einnig skal gæta stjórnarsýslulaga þegar nemandi er tímabundið meinað að sækja tíma í tiltekinni námsgrein.

IV. kafli - Starfsfólk grunnskólans

16. gr.

Sveitarstjórn ræður skólastjóra að fenginni umsögn skólanefndar og aðstoðar-skólastjóra að fenginni umsögn skólastjóra sbr. 1. og 2. mgr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Áður en aðstoðarskólastjóri er ráðinn skal sveitarstjórn jafnframt afla umsagnar skólanefndar varðandi ráðninguna. Hafi ekki verið ákveðinn annar háttur auglýsir skólanefnd fyrirnefndar stöður og tekur við umsóknum um þær. Að loknum umsóknarfresti skal skólanefnd halda fund svo fljótt sem auðið er, fjalla um umsóknir og senda þær sveitarstjórn ásamt umsögnum og tillögum um val á skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra.

17. gr.

Skólastjóri ræður kennara og annað starfsfólk skólans í samráði við skólanefnd, hafi sveitarstjórn ekki ákveðið annan hátt sbr. 23. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995 m. s. b. Ef staða losnar við skólann eða ef þörf er á viðbótarstarfsmanni gerir skólastjóri viðeigandi ráðstafanir í samráði við skólanefnd/sveitarstjórn. Ráðning eða skipun öðlast gildi með samþykki sveitarstjórnar. Sérhverjum umsækjenda skal tilkynnt svo fljótt, sem

auðið er, hvaða afgreiðslu umsókn hans fékk. Við ráðningar skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og kennara skal gæta ákvæða gildandi laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum. Stefnt skal að því að ráða í stöður skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og kennara fyrir 1. maí ár hvert.

18. gr.

Láti skólastjóri, kennari eða annar fastur starfsmaður grunnskólans af störfum sökum aldurs eða að eigin ósk skal hann tilkynna það skriflega til skólastjóra og skólanefndar með eigi skemmri fyrirvara en uppsagnafresti nemur og helst fyrir 1. febrúar, svo og þeir kennarar sem æskja leyfis frá störfum.

V. kafli - Um starfsfólk leikskólans

19. gr.

Um ráðningu á starfsfólki leikskólans skulu gilda þær sömu reglur og um ráðningu starfsfólks grunnskólans sbr. IV. kafla eftir því sem við getur átt.

VI. kafli - Meðferð ágreiningsmála

20. gr.

Komi upp ágreiningur milli skólastjóra grunnskólans annars vegar og kennara og/eða annarra starfsmanna skólans hins vegar, getur hvor aðili um sig vísað málinu til skólanefndar sem leitar lausnar. Úrskurður skólastjóra skal gilda þar til samkomulag hefur orðið um annað. Takist ekki að finna viðunandi lausn skal vísa málinu til menntamálaráðuneytis. Ágreiningi milli skólastjóra og skólanefndar skal vísa til sveitarstjórnar eða menntamálaráðuneytis eftir eðli málsins. Telji skólastjóri að kennari eða annar starfsmaður skóla hafi gerst brotlegur í starfi skal hann afhenda viðkomandi skriflega áminningu og jafnframt tilkynna ástæður áminningarinnar til skólanefndar og/eða sveitarstjórnar. Um meðferð ágreiningsmála, sem snúa að leikskólanum, skulu gilda sömu verklagsreglur eftir því sem við á.

VII. kafli - Starfstími grunnskólans og innra starf

21. gr.

Starfstími nemenda í grunnskóla skal á hverju skólaári vera níu og hálfur mánuðir. Með hliðsjón af atvinnuháttum og aðstæðum í einstökum skólahverfum/sveitar-félögum getur skólanefnd sótt um tímabundna undanþágu frá fyrrnefndu ákvæði til menntamálaráðherra.

22. gr.

Skólanefnd skal staðfesta áætlun um starfstíma skólans ár hvert og fylgjast með framkvæmd náms og kennslu. Skólanámskrá er starfsáætlun skólans og greinir frá því, sem varðar starfsemi hans. Skólanámskrá skal leggja fyrir skólanefnd til umsagnar. Skólanefnd hefur ekki bein afskipti af störfum kennara í skólanum, stundaskrá, námsefni eða verkaskiptingu milli kennara, en hún getur þó, ef þörf krefur, lagt til við sveitarstjórn að kennslumagn verði aukið umfram viðmiðunar-stundaskrá.

23. gr.

Skólanefnd gerir tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi sbr. 12. gr. grunnskólalaga. Henni ber að fylgjast með störfum skólans eftir föngum í samráði við skólastjóra og gera sveitarstjórn og menntamálaráðuneyti aðvart ef um alvarlegar misfellur er að ræða að hennar mati.

VIII. kafli - Skólasöfn

24. gr.

Eftir því sem þörf krefu, sér skólanefnd um, í samráði við skólastjóra, að jafnan séu fyrir hendi nauðsynlegar bækur, ritföng, kennsluáhöld, handavinnu efni og annað sem til skólastarfsins þarf.

25. gr.

Skólanefnd vinnur að því, með skólastjóra, að þannig sé búið að skólasafni að því er varðar húsnæði, bókakost, önnur námsgögn og starfslið að það geti gegnt því hlutverki að vera eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu. Sveitarstjórn er heimilt að sameina almenningubókasöfn og skólasafn ef það, að mati skólanefndar og skólastjóra, rýrir ekki gildi safnsins fyrir skólann.

IX. kafli - Eftirfylgni

26. gr.

Til að fylgja eftir staðfestum ályktunum eða samþykktum skólanefndar skal formaður snúa sér til skólastjóranna með málefni, sem snerta starfssvið þeirra, en annars til sveitarstjóra. Sinni skólastjórnir ekki fyrirmælum nefndarinnar snýr formaður sér til sveitarstjóra. Þurfi frekari eftirfylgni í málum, sem skólastjórar eða sveitarstjóri fá til afgreiðslu frá nefndinni, snýr formaður sér til sveitarstjórnar.

X. kafli - Réttindi og skyldur nefndarfulltrúa.

27. gr.

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda eftir því sem við á ákvæði II. og III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. einnig IV. kafla sömu laga og III. og IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Eyjafjarðarsveitar, sem staðfest var af félagsmálaráðherra 1. júlí 2002. Nefndarmönnum er skylt að kynna sér þessi ákvæði. Samþykktina má finna á heimasíðu Eyjafjarðarsveitar og lög á vef Alþingis.

28. gr.

Fulltrúar í skólanefnd skulu kynna sér þau lög og þær reglugerðir, sem gilda um þá málaflokka, sem undir nefndina heyra og samþykktir og reglur sem sveitarstjórn hefur sett. Það á einnig við um samninga og/eða samstarf á þessum vettvangi við önnur sveitarfélög. Í þessu samhengi er m.a. bent á eftirfarandi:

·Lög um grunnskóla, nr. 66/1995, m. s. br.

- Lög um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla nr. 72/1996.
- Reglugerð um lágmarksaðstöðu grunnskóla, nr. 519/1996
- Reglugerð um sérkennslu, nr. 389/1996.
- Reglugerð um undanþágunefnd grunnskóla, nr. 751/1998.
- Reglugerð um skólareglur í grunnskólum, nr. 270/2000.
- Reglugerð um sérfræðipjónustu skóla, nr. 386/1996.
- Lög um leikskóla, nr. 78/1994, m. s. br.
- Reglugerð um starfsemi leikskóla, nr. 225/1995.
- Samning um sérfræðipjónustu.
- Samning um rekstur skólamötuneytis.
- Samninga um skólaakstur.

Þá er nefndum sveitarfélagsins skylt og rétt að eiga með sér samstarf um málefni, sem kunna að skarast eða þau gefa að öðru leyti tilefni til.

XI. kafli - Gildistaka

29. gr.

Erindisbréf þetta, sem byggir á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, lögum um grunnskóla nr. 66/1995, lögum um leikskóla nr. 78/1994 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Eyjafjarðarsveitar frá 1. júlí 2002, var afgreitt í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar 18. feb. 2003 til að taka þegar gildi. Jafnframt er úr gildi fallið erindisbréf fyrir skólanefnd Eyjafjarðarsveitar frá 14. nóv. 1996.

Eyjafjarðarsveit 24. feb. 2003
Sveitarstjórinn í Eyjafjarðarsveit